

Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 13. október 2005

Ár 2005 hinn 13. október kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 13:00. Mættir allir aðalmenn auk byggingarfulltrúa. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Erindi frá Nýhönnun. Sótt er um byggingarleyfi fyrir hönd Daníels Jónssonar bónda á Ingunnarstöðum, en Daníel sækir um leyfi til þess að stækka fjósið á bænum. Byggingarfulltrúi lagði fram teikningar og von er á skráningartöflu.

Erindið samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu og kalla eftir þeim gögnum sem á vantar.

- 2) Rætt um bílastæði og gerð göngustígs að minnismerki um Jón Thoroddsen skáld. Búið er að koma minnismerkinu upp fyrir framan hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð á Reykhólum og verður það væntanlega afhjúpað næsta vor.

Von er á tillögum frá byggingarfulltrúa í þessu efni.

- 3) Rætt um fasteignina nr. 32 við Hellisbraut á Reykhólum, en komið hafa upp mjög alvarlegir gallar í sökklum í þessari fasteign, þannig að útveggirnir eru að gliðna frá; einkum að vestanverðu og sunnanverðu.

Ljóst er að mistök hafa verið gerð við byggingu hússins og teikningum ekki fylgt nákvæmlega. Byggingarfulltrúi hefur verið í sambandi við núverandi eiganda hússins út af þessu máli.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:30

Þórður Jónsson (sign)

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)